

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. maí 2026

Mál nr. S-7405/2025:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)
gegn
Serxio Koci
(Gunnar Gíslason lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl 2026, var höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 16. desember 2025, á hendur Serxio Koci, kt. [...], [...],

„fyrir eftirtalin brot:

- Fíkniefnalagabrot og peningþvætti með því að hafa, fimmtudaginn 31. júlí 2025, í íbúð að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum [ætlað] til söludreifingar í ágóðaskyni samtals 58,45 g af mari[j]úana og með því að hafa, um nokkurt skeið og allt til þess dags, tekið við, aflað sér og geymt ávinning af söludreifingu ótiltekins magns ólöglegra ávana- og fíkniefna, samtals að fjárhæð 75.500 kr., sem lögregla fann við leit umrætt sinn og lagði hald á.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefniefni og önnur eftirlitskyld efni nr. 233/2011, með síðari breytingum, 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 19. gr., sbr. 44. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

- Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 30. september 2025, ekið bifreiðinni [...] um Kalkofnsveg til móts við Hörpuna í Reykjavík, óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, (í blóði ákærða mældist 13 ng/ml af tetrahýdrókannabinóli), og haft í vörslum sínum [ætlað] til söludreifingar í ágóðaskyni samtals 38,56 g af mari[j]úana og 3,91 g af kókaíni auk þess að hafa, um nokkurt skeið og allt til þess dags, tekið við, aflað sér og geymt ávinning af

söludreifingu ótiltekings magns ólöglegra ávana- og fíkniefna, samtals að fjárhæð 115.000 kr., 200 pund og 180 evrur, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og í bifreiðinni umrætt sinn og lagði hald á.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2011, með síðari breytingum, og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fíkniefnalagabrot og peningþvætti með því að hafa, á sama tíma og greinir í ákærulið 2, en á dvalarstað sínum að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum 0,34 g af mari[j]úana auk þess að hafa, um nokkurt skeið og allt til þess dags, tekið við, aflað sér og geymt ávinning af söludreifingu ótiltekings magns ólöglegra ávana- og fíkniefna, samtals að fjárhæð 50.000 kr., sem lögregla fann við leit umrætt sinn og lagði hald á.

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2011, með síðari breytingum, 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 19. gr., sbr. 44. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

4. Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, laugardaginn 8. nóvember 2025, ekið bifreiðinni [...] austur Langholtsveg í Reykjavík án gildra ökuréttinda og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega umrætt sinn vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, (í blóði ákærða mældist 4,0 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli).

Mál nr. [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2011, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Jafnframt er krafist upptöku á samtals 97,35 g af marijúana og 3,91 g af kókaíni, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974. Einnig er krafist upptöku á

farsíma (munaskrá [...]), sem hald var lagt á, með vísan til 7. mgr. 5. gr. sömu laga, en ætlað er að farsíminn hafi verið notaður við söludreifingu ólöglegra ávana- og fíkniefna. Loks er krafist upptöku á haldlögðu reiðufé samtals 240.000 kr., 200 pund og 180 evrur (munaskrár [...] og [...]) skv. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en reiðuféð eru ætlaður ágóði af söludreifingu ólöglegra ávana- og fíkniefna.“

2. Verjandi ákærða krefst fyrir hans hönd vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist að mestu úr ríkissjóði.
3. Ákærði játaði sök að hluta við upphaf málsins en neitaði sök að hluta. Verjandi ákærða skilaði greinargerð í málinu og krafðist upphaflega frávísunar. Í þinghaldi í málinu 20. apríl 2026 óskaði sækjandi eftir því að bókað yrði um eftirgreindar breytingar á ákærinni í þingbók:

„Ákæruliður 1: Ákærvaldið vill leiðrétta heimfærslu brota ákærða. Reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni er nr. 233/2001 en ekki 233/2011. Þá er einnig fallið frá heimfærslu brota ákærða til lögreglulaga nr. 90/1996.

Ákæruliður 2: Ákærvaldið vill leiðrétta heimfærslu brota ákærða. Reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni er nr. 233/2001 en ekki 233/2011.

Ákæruliður 3: Ákærvaldið vill leiðrétta heimfærslu brota ákærða. Reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni er nr. 233/2001 en ekki 233/2011. Ákærvaldið fellur einnig frá ákæru fyrir peningabætti í þessum lið ákærunnar, sbr. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga. Út úr verknaðarlýsingu þessa ákæruliðar fara orðin „... auk þess að hafa, um nokkurt skeið og allt til þess dags, tekið við, aflað sér og geymt ávinning af söludreifingu ótiltekins magns ólöglegra ávana- og fíkniefna, samtals að fjárhæð 50.000 kr.“ Einnig er fallið frá heimfærslu til lögreglulaga.

Ákæruliður 4: Fallið er frá ákæru um akstur án gilda ökuréttinda og tilvísun til 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þar er einnig ranglega vísað til laga og reglugerðar um ávana- og fíkniefni. Þær tilvísanir í þessum ákærulið falla út.

Upptökukrafa ákærvaldsins breytist á þá leið að krafa um upptöku á haldlögðu reiðufé í íslenskum krónum lækkar um 50.000 kr., úr krónum 240.000 kr. í 190.000 krónum.

Ákæran stendur að öðru leyti.“

4. Í ljósi þessara breytinga kvaðst verjandi ákærða falla frá frávísunarkröfum sínum í málinu.

5. Í þinghaldi í málinu 29. apríl 2026 óskaði sækjandi málsins eftir því að frekari leiðréttingar á ákærinni yrðu bókaðar í þingbók:

„Sækjandi óskar bókað að ákærvaldið falli frá því að fíkniefnin sem um ræði í ákærulið 1 hafi verið í sölu- og dreifingarskyni. Þá sé fallið frá eftirfarandi í ákærulið 1: „og með því að hafa, um nokkurt skeið og allt til þess dags, tekið við, aflað sér og geymt ávinning af söludreifingu ótiltekins magns ólöglegra ávana- og fíkniefna samtals 75.500 krónur“. Þá fari út úr heimfærslu brotsins til refsíákvæða í ákærinni tilvísun til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Eftir stendur þá í þessum ákærulið fíkniefnalagabrot nánar tiltekið vörslur á fíkniefnum. Jafnframt fer út tilvísun um peningaþvætti í heiti brots.

Varðandi ákærulið 2 sé fallið frá því að þau fíkniefni sem ákærði hafði í vörslum sínum hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni. Auk þess falli brott eftirfarandi texti: „auk þess að hafa, um nokkurt skeið og allt til þess dags, tekið við, aflað sér og geymt ávinning af söludreifingu ótiltekins magns ólöglegra ávana- og fíkniefna, samtals að fjárhæð 115.000 kr., 200 pund og 180 evrur“. Þá fari út úr heimfærslu brotsins til refsíákvæða í ákærinni tilvísun til 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt fer út tilvísun um peningaþvætti í heiti brotsins.

Varðandi ákærulið 3 fer út tilvísun um peningaþvætti í heiti brotsins.

Varðandi ákærulið 4 fer út tilvísun til fíkniefnalagabrots í heiti brotsins.

Upptökukrafa snýr þá eingöngu að fíkniefnum, 97,35 g af marjúana og 3,91 g af kókaíni, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974. Annað fellur út í upptökukröfu.“

6. Þegar hér var komið sögu, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á ákærinni undir rekstri málsins og lýst hefur verið hér að framan, stóð aðeins eftir sá hluti ákærinnar sem ákærði játaði sök í við upphaf málsins.

Niðurstaða varðandi sekt ákærða o.fl.

7. Að því virtu sem rakið er hér að framan og að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á ákærinni í málinu fyrir dómi var farið með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

8. Ákærði hefur skýlaust játað þau brot sem eftir standa samkvæmt ákærinni, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á henni. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Niðurstaða varðandi refsingu ákærða og önnur atriði

9. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 10. desember 2025, hefur ákærði ekki áður verið fundinn sekur um refsiverðan verknað hér á landi. Verður það virt honum til málsbóta við ákvörðun refsingar í málinu, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður það einnig virt honum til málsbóta að hann hefur játað sök, sbr. 8. tölulið sömu greinar.
10. Við ákvörðun refsingar í máli þessu verður samkvæmt framansögðu lagt til grundvallar að ákærði hafi framið fíkniefnalagabrot með því að hafa þau fíkniefni í vörslum sínum, sem tilgreind eru í ákæruliðum 1, 2 og 3, svo breyttum. Þá er einnig lagt til grundvallar að ákærði hafi framið umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, eins og nánar greinir í ákærulið 2, og með því að hafa ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna bifreiðinni vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, eins og nánar greinir í ákærulið 4.
11. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls, dómvenju og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.
12. Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ákærði sviptur ökurétti í 27 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.
13. Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk 97,35 g af marjúana og 3,91 g af kókaíni.
14. Málsvarnarþóknun skipaðs verjanda ákærða, Gunnars Gíslasonar lögmanns, þykir hæfilega ákveðin 848.160 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, að teknu tilliti til umfangs málsins og tímaskýrslu verjandans. Er við ákvörðun málsvarnarþóknunar tekið mið af því að vinna verjandans var óvenju umfangsmikil vegna þess hvernig ákæran var úr garði gerð. Þá þykir, þess vegna og þar sem ákæruvaldið hefur fallið frá stórum hluta ákæruatriða á hendur ákærða eftir ábendingar verjandans, eðlilegt að ákærði greiði

helming sakarkostnaðar málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008, þ.m.t. annan sakarkostnað að fjárhæð 257.953 krónur, en að sakarkostnaður verði að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði.

15. Eins og rakið er hér að framan hefur ákærvaldið gert verulegar breytingar á ákærinni í málinu. Eru þær breytingar langt umfram það sem eðlilegt getur talist í málum af þessum toga. Eru þau vinnubrögð ákærvaldsins sem urðu tilefni frávísunarkröfu ákærða verulega ámælisverð, en þau leiddu meðal annars til þeirra leiðréttinga sem gerðar voru á ákærinni og raktar hafa verið hér að framan. Þar er þó ekki við þann sækjanda að sakast sem flutti málið af hálfu ákærvaldsins, sem tók við málinu eftir útgáfu ákærunnar.
16. Sækjandi beindi því til dómsins að taka það til skoðunar hvort tilefni væri til að ákveða sekt á hendur skipuðum verjanda ákærða, sbr. 241. gr. laga nr. 88/2008, vegna eftirfarandi ummæla í greinargerð verjandans til dómsins: „Er því alfarið hafnað að um sé að ræða innsláttarvillu, heldur er hún bersýnilega efnislegs eðlis og í fullkomnu samræmi við þekkt vinnubrögð sækjandans, sem þykja almennt afar óvönduð, svo ekki sé hardar að orði kveðið.“
17. Með þeim orðum sem rakin eru hér að framan og fram voru sett í greinargerð skipaðs verjanda til dómsins fór verjandinn yfir mörk viðeigandi tjáningar. Voru þau ummæli hans sem að framan greinir ósæmileg og til þess fallin að misbjóða virðingu dómsins, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 241. gr. laga nr. 88/2008. Ummæli verjandans verður hins vegar að mati dómsins að virða heildstætt og með hliðsjón af þeim annmörkum sem voru á ákæru málsins og ákærvaldið leiðrétti síðar. Þykir því ekki alveg nægilegt tilefni til að gera verjandanum sekt vegna þessara ummæla sinna heldur verður að telja að ávítur nægi, sbr. 4. mgr. 241. gr. laga nr. 88/2008.
18. Skipaður verjandi ákærða og ákærvaldið lögðu fram gögn sem ekkert tengdust því sakarefni sem um var fjallað í málinu heldur meintu vanhæfi þess ákæranda sem gaf út ákæru í málinu og þess sækjanda sem skráður var fyrir málinu í upphafi, en þar er um að ræða annan sækjanda en þann sem flutti málið fyrir hönd ákærvaldsins. Verður hvorki séð að þau gögn hafi átt erindi inn í málið né að þau hafi tengst ákærða eða málinu með nokkrum hætti. Eru þessi vinnubrögð skipaðs verjanda ákærða og ákærvaldsins átalín, enda ámælisvert af þeirra hálfu að blanda inn í málið óviðkomandi atriðum sem ekkert komu málinu eða ákærða við.

19. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari, en hún tók sem fyrr segir við málinu eftir að ákæra í málinu hafði verið gefin út.
20. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Serxio Koci, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 27 mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 97,35 g af marijúana og 3,91 g af kókaíni.

Ákærði greiði helming málsvarnarþóknunar skipaðs verjanda síns, Gunnars Gíslasonar lögmanns, sem í heild nemur 848.160 krónum að meðtöldum virðisaukaskatti, og helming annars sakarkostnaðar málsins, sem í heild nemur 257.953 krónum. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson